

Ályktun fundar skólaráðs Húsaskóla, 13. febrúar 2012

Skólaráð Húsaskóla lýsir yfir áhyggjum af stöðu mála varðandi flutning unglíngastígs Húsaskóla yfir í safnskóla í Foldaskóla. Nú er svo komið að báðir fulltrúar foreldra í stýrihópi um sameininguna hafa sagt sig úr honum, sem og fulltrúi starfsmanna. Einnig hefur fulltrúi foreldra frá Hamraskóla sagt sig úr stýrihópnum. Þá hafa nemendur skilað inn undirskriftarlistum gegn sameiningunni og fjölmennir fundir íbúa og foreldra, bæði í Húsaskóla og Hamraskóla, lagt fram ályktun þar sem farið er fram á að hætt verði við sameininguna. Þegar um svo umfangsmiklar breytingar á skólastarfi er að ræða er mikilvægt að þær séu undirbúnar að kostgæfni og gerðar í eins góðri sátt við hagsmunaaðila og mögulegt er. Eins og staðan er í dag, þegar einungis nokkrir mánuðir eru til stefnu, er ljóst að mikil og almenn andstaða ríkir hjá nemendum, starfsfólki, foreldrum og íbúum hverfisins. Skólaráð Húsaskóla telur varhugavert að ráðast í sameininguna við þessar aðstæður og beinir þeim tilmælum til borgaryfirvalda að fresta fyrirhugaðri sameiningu.